

187
30. okt.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 133/1950 um stóreignaskatt samkvæmt
12. gr. laga nr. 22/1950.

Í stað tímaákvörðunarinnar „30. júní 1951“ í 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar komi: 15. nóvember 1951.

Með reglugerð þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi 2. gr. reglugerðar nr. 152 1. ágúst 1951.

Fjármálaráðuneytið, 30. október 1951.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.

188
2. nóv.

SAMÞYKKT

fyrir Fiskræktar- og veiðifélagið Laxinn.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélagið Laxinn. Heimili þess og varnarþing er á þingstað Saurbæjarhrepps í Dalasýslu.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni, með því:

1. að stunda laxaklak;
2. að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn, sameiginlega á einum eða fleiri stöðum, ef henta þykir.

3. gr.

Félagið hefur umráð yfir öllum rétti til laxveiða í þessum vötnum: Hvolsá og Staðarhólsá ásamt síkjum og lækjum og öðrum ám, sem falla í árnar.

Félagsmenn eru allir ábúendur þeirra jarða, er land eiga að nefndum vötnum. Stórholt, Litlaholt, Neðri Brunná, Efri Brunná, Máskelda, Hvoll, Neðri Brekka, Fremri Brekka, Bersatunga, Hvítidalur, Belgsdalur, Litli-Múli, Stóri-Múli, Þurranes, Ós, Lambanes, Staðarhóll, Mikligarður, Þverfell, Hvammsdalskot, Hvammsdalur, Kjarlaksvellir, Þverdalur, Bjarnastaðir, Kverngrjót, Saurhóll, Tjaldanes.

4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax og silung í vötnum þessum nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ár á félagssvæðinu, eða hluta af þeim, einstökum mönnum eða félögum, til stangaveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.